



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2007  
Tilvísun: UST20070700060/sf

**Sundabraut 2. áfangi, frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg, Reykjavík.  
Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir 2. áfanga Sundabrautar, frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu að matsáætlun.

**Áætlaðar rannsóknir**

Umhverfisstofnun telur gagnrýniverð að rannsóknum og gagnaöflun virðist að mestu leyti vera lokið áður en tillaga að matsáætlun hefur verið samþykkt, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Umhverfisstofnun telur að matsáætlun þjóni ekki að fullu tilgangi sínum þegar rannsóknum er að mestu lokið þegar hún er lögð fram. Samkvæmt kafla 1.5 í tillögu að matsáætlun er áætlað að skila frummatsskýrslu inn til meðferðar Skipulagsstofnunar veturinn 2007-2008 og að álit Skipulagsstofnunar geti legið fyrir á vormánuðum 2008. Að mati Umhverfisstofnunar er tímarammi fyrir gerð frummatsskýrslu nokkuð þröngur þar sem gera verður ráð fyrir þeim möguleika að fram komi tilmæli um úttektir, mælingar og/eða rannsóknir í athugasemdum við tillögu að matsáætlun og þarf tímaáætlun að taka mið af því.

**Hafstraumar/setflutningar**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir niðurstöðum reiknilíkans Vatnaskila á rennsli, straumhraða og vatnshæðir við núverandi ástand og við fullbúinn mannvirki. Einnig verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á setmyndun og setflutninga í nálægð við þverun Leiruvogs og Kollafjarðar.

Í athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun, sbr. fylgiskjöl í tillögunni, komu fram ábendingar um að framkvæmdir við Sundahöfn og þverun Eiðsvíkur hafi valdið

landbroti á norðuströnd Viðeyjar og breytingum á ströndinni við Sundin. Því sé nauðsynlegt að skoða hvort framkvæmdir við 2. áfanga Sundabrautar valdi frekari breytingum á ströndinni og valdi t.d. landbroti við Lundey og Þerney. Umhverfisstofnun telur að taka eigi tillit til framangreindra ábendinga og fjalla sérstaklega um hvort hættu er á að lagning Sundabrautar hafi í för með sér einhver þau áhrif sem aukið geta á landbrot á ströndinni og eyjunum á Sundunum við Reykjavík. Líta verði til sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum.

Fram hefur komið ábending um að eftir að sjávarfalla hætti að gæta yfir Eiðið í kjölfar þess að það var grjótvarið sé set farið að safnast fyrir í Gorvík og Blikastaðakró, sbr. fylgigögn í tillögu að matsáætlun. Í svari við þeirri ábendingu kemur m.a. fram að þó efnistöku hafi verið hætt í Geldinganesi hafi ekki verið talið forsvaranlegt að fjarlægja vegslóðann sem lagður var út í Geldinganes vegna öryggissjónarmiða þar sem ýmsir aðilar hafi þá verið byrjaðir að koma sér fyrir á Eiðinu, sbr. kayakklúbbinn. Umhverfisstofnun telur að skoða verði til hvaða aðgerða hægt er að grípa til að koma í veg fyrir aukna setmyndun og hvort ekki megi haga framkvæmdum þannig að aftur gæti sjávarfalla yfir Eiðið. Aðstöðusköpun þar á síðari árum megi ekki koma í veg fyrir að reynt verði að bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif frá fyrri framkvæmdum. Umhverfisstofnun tekur undir þær ábendingar Reykjavíkurborgar að skoðaðir verði þeir kostir að Sundabraut liggja á lágbrú yfir Eiðsvík og einnig að reist verði lágbrú yfir í Gunnunes.

Í svari við athugasemdum við drögum að tillögu að matsáætlun vegna hugsanlegra áhrifa á sjávarstrauma, setflutninga, setmyndun og strandrof er vísað til þess að nokkur reynsla sé komin á þverun fjarða vegna veglagningar hér á landi. Bent er á að athuganir Vegagerðarinnar árið 2006 á setmyndun innan þverana í Öndundarfirði, sem þveraður var árið 1980, og Dýrafirði sem þveraður var árið 1991, hafi sýnt að hvergi hefði vottað fyrir finefnaseti við landtökur né í kverkum leiðigarða. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði fjallað um þær athuganir sem gerðar hafa verið hér á landi á áhrifum þverana og niðurstöður þeirra athugana. Jafnframt þarf að gera grein fyrir aðstæðum á viðkomandi stöðum og hvort þær séu sambærilegar aðstæðum í Leiruvogi og Kollafirði. Einnig væri æskilegt að fjalla um reynslu af þverunum sem þessum erlendis frá við sambærilegar aðstæður.

Samkvæmt þeim teikningum sem fylgja tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir litlum brúaropum í gegnum miklar fyllingar, jafnvel þótt miðað sé við þær forsendur að vatnsskipti breytist lítið. Umhverfisstofnun vekur athygli á að auk hugsanlegra áhrifa á sjávarstrauma og setmyndun valda miklar fyllingar yfir bæði Leiruvog og Kollafjörð neikvæðum sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun telur að út frá sjónrænum áhrifum eigi því líka að fjalla um þverun þar með lágbrúm.

### **Botndýralíf**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ósamræmi er í umfjöllun um rannsóknir á botndýralífi í tillögu að matsáætlun. Annars vegar er fjallað um rannsóknaráætlun vegna rannsókna á botndýralífi í Kollafirði eins og rannsóknir hafi ekki farið fram og hins vegar segir að sýnataka hafi farið fram sumarið 2006.

Sú aðferðafræði sem lýst er fyrir rannsóknir á botndýralífi virðist miðast við einsleitann botn. Í tillögu að matsáætlun kemur þó fram að botngerð Kollafjarðar innan Helguskers

sé enn óþekkt og að ef botninn reynist klapparbotn sé nauðsynlegt að beita öðrum aðferðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðfest verði hvort botninn sé einsleitur og að gerð verði grein fyrir dýralífi á þeim botngerðum sem eru innan framkvæmdasvæðisins.

### Jarðmyndanir

Í umfjöllun um jarðmyndanir kemur m.a. fram að fjallað verði um sérstöðu þeirra og verndargildi m.t.t. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun vekur athygli á að vert er að hafa í huga að jarðmyndanir geta haft verndargildi og þar með verið æskilegt að þeim verði ekki raskað, þrátt fyrir að þær njóti ekki sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Því er ekki nægjanlegt að meta verndargildi jarðmyndana eingöngu með tilliti til ákvæða í lögum um náttúruvernd.

### Gróður

Í umfjöllun um gróður segir m.a.: „*Rannsóknin beindist að gróðurþekju, tegundasamsetningu og fjölbreytni gróðurlenda, ásamt því að athuga hvort sjaldgæfar tegundir eða gróðurlendi væri að ræða. ....Í frummatsskýrslu verður niðurstöðum rannsókna gerð skil og áhrif efnistöku og rasks metin út frá þeim.*”

Umhverfisstofnun telur að í matsáætlunum eigi almennt að útlista nánar hvaða gögn er varða gróður verða lögð fram í frummatsskýrslu, s.s. mælikvarða gróðurlenda. Að mati Umhverfisstofnunar ætti mælikvarði korta af gróðurhverfum að vera í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði er verið að kortleggja. Jafnframt telur stofnunin að birta ætti yfirlitskort af gróðurlendum í matsskýrslu. Stofnunin telur einnig mikilvægt að í umfjöllun um gróður í matsskýrslu komi skýrt fram hvar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna á þeim leiðum sem fjallað er um í skýrslunni. Æskilegast væri að afmarka á korti fundarstaði þessara tegunda.

### Fuglalíf

Umhverfisstofnun telur að auk þess að greina frá niðurstöðum rannsókna á fuglalífi sem gerðar hafa verið vegna lagningar Sundabrautar eigi að birta niðurstöður vetrarfuglatalninga, sem hafa farið fram í Reykjavík árlega frá 1952.

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum skal í tillögu að matsáætlun m.a. koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar, eftir því sem við á, lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna. Umhverfisstofnun telur því að í matsáætlun eigi að gera skýrari grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við fuglarannsóknir. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að varpfuglar séu taldir á sniðum og þéttleiki þeirra á öllu fyrirhuguðu vegstæði metinn. Rétt væri að fjalla um staði þar sem fuglalíf er sérstætt á einhvern hátt, gera grein fyrir fágætum tegundum og lýsa áhrifum framkvæmdar á fuglalíf á héraðs- og landsvísu.

### Laxfiskar

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu verði að koma fram með hvaða hætti megi tryggja að búsvæði og farleiðir fiska skaðist ekki við framkvæmdirnar.

### **Hljóðvist**

Umhverfisstofnun telur að sýna eigi niðurstöður hljóðvistarútreikninga með hljóðvistarkortum. Ef nauðsynlegt reynist að sprengja eða fleyga í klöpp þarf jafnframt að fjalla um titring vegna slíkra framkvæmda.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjalla ítarlega um hljóðvarnir ef þær eru nauðsynlegar sem mótvægisáðgerðir og að sjónræn áhrif þeirra verði kynnt myndrænt. Ljóst er að ef íbúar telja sjónræn áhrif hljóðmana óásættanleg, og þeim verður breytt, geta áhrif þeirra á dreifingu hávaða orðið önnur en kynnt var í matsskýrslu. Því telur stofnunin æskilegt að umfjöllun um hljóðstig og sjónræn áhrif sé samþætt hvað þetta varðar, hönnun hljóðvarna sé kynnt myndrænt bæði í frummatsskýrslu og við samráð og kynningu.

### **Loftgæði**

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að þar sem umferð um 2. áfanga Sundabrautar verði minni en um 1. áfangann sé ekki talin þörf á sérstökum loftdreifingarspám vegna 2. áfanga, nema við fyrirhugaða gangamunna skv. valkosti 3. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði fjallað um forsendur þeirrar umferðarspár.

### **Ofanvatn**

Í tillögu að matsáætlun segir að í frummatsskýrslu verði fjallað um meðferð ofanvatns frá samgöngumannvirkjum og frárennsli frá jarðgöngum. Umhverfisstofnun telur rétt að fjallað verði um áhrif mismunandi leiða við losun affallsvatns og mismunandi mótvægisáðgerðir s.s. notkun settjarna eða olíuskilja. Jafnframt að fjallað verði um hugsanleg áhrif, verklag og mengunarvarnir á framkvæmdatíma vegna viðkvæmra viðtaka. Hafa verður í huga að lausnir við meðhöndlun ofanvatns þurfa að tryggja að ekki sé hætta á að lífríki svæðisins skaðist, þ.m.t. fuglalíf og laxfiskar. Fjalla þarf um hugsanlega mengunarhættu af völdum slysa.

### **Efnistaka**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki verði opnaðir nýir efnistökuastaðir vegna framkvæmdanna heldur er þess í stað stefnt að því að nýta efni úr skeringum til landfyllinga og grjótvana. Ekki kemur fram hvað áætlað er að mikið efni þurfi til framkvæmdanna. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði ítarleg grein fyrir því í frummatsskýrslu hvernig staðið verður að fyrirhugaðri efnistöku. Ljóst er að mjög mikið magn efnis verður tekið úr skeringum ef þetta verklag verður viðhaft. Gera verður grein fyrir landmótun og frágangi skeringa, sem og sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun vekur í því sambandi athygli á að það getur ekki talist góður kostur að leggja veginn þannig um Geldinganesið að hann liggi í gegnum gjá. Umhverfisstofnun telur einnig nauðsynlegt að fjalla verði um og tekin afstaða til þess möguleika að taka meira efni úr grjótnámunni á Geldinganesi.

### **Náttúruminjar**

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla sérstaklega um áhrif framkvæmda á jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Útivist**

Í svari við athugasemdum á bls. 32 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í

aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir göngu- og hjólreiðabrautum meðfram stórum hluta Sundabrautar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoðaðir verði vel möguleikar á góðum hjóla- og göngustígatengingum, ekki síst út frá umferðaröryggi og mengun frá umferð.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að óröskuð strandlengja er mikilvægt útivistarsvæði fyrir almenning, auk þess sem fjörur og leirur eru afar mikilvæg fyrir fuglalíf. Stöðugt hefur hins vegar gengið á slík svæði á höfuðborgarsvæðinu og er nú svo komið að öllum fjörum frá Gufunesi og út á Seltjarnarnes hefur verið raskað, að frátöldum innanverðum Grafarvogi og litlum hluta Laugarness. Þau svæði hafa því sífellt meira gildi, sem enn hefur ekki verið raskað. Umhverfisstofnun telur því að í frummatsskýrslu eigi að fjalla sérstaklega um áhrif lagningar Sundabrautar á strandlengjuna og möguleika almennings til útivistar meðfram henni. Það er mat Umhverfisstofnunar að leggja beri áherslu á að halda ströndinni við Geldinganes, í Eiðsvík og nágrenni óraskaðri eftir því sem kostur er og gera ráð fyrir aðgengi almennings.


### Mótvægisáðgerðir


Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mögulegar mótvægisáðgerðir vegna neikvæðra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að í samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningur) er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Grunnsævi telst því einnig til votlendis skv. samningnum. Í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið mörkuð sú stefna að ef fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér rask á votlendi verði endurheimt a.m.k. jafnmikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdirnar. Ekki hefur þó enn verið gerð krafa um endurheimt leira eða fjörugerða á grunnsævi, heldur hefur eingöngu verið um að ræða endurheimt votlendis á landi. Ætla má að erfitt sé um vik við endurheimt grunnsævis af þessari gerð en slíkt hlýtur að kalla á enn íhaldssamari stefnu hvað varðar rask á grunnsævisvotlendisgerðum vegna framkvæmda. Umhverfisstofnun telur endurheimt fyrrgreindra votlendisaðgerða sem mótvægisáðgerð nánast vera ógjörning og eiga mótvægisáðgerðir í tilvikum sem þessum því fyrst og fremst að felast í því að raska þeim ekki.

### Vöktun

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að leggja fram mat á það hvort þörf er á vöktun vegna umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar og í hverju sú vöktun skuli fólgin. Ef þörf er vöktunar þarf að koma fram til hvaða aðgerða megi grípa ef í ljós kemur að áhrif framkvæmdanna verði meiri og/eða önnur en gert er ráð fyrir.

Viðfangarfullst

  
Sigríós Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður